2026

# Greinagerð innra mats 2025-2026

MATSTEYMI BARNABÓLS 2025-2026
HALLDÓRA JÓHANNA, AÐALBJÖRG STEINUNN OG SIGRÍÐUR ÓSK

LEIKSKÓLINN BARNABÓL

Inngangur ........ 2
Matsáætlun 2025-2026 ........ 2
Farsæld barna ........ 3
Samfella milli skólastiga ........ 3
Nám og kennsla ........ 3
Skólabragur ........ 3
Stjónun og skipulag ........ 4
Stjórnun leikskólans ........ 4
Lokaorð ........ 4
Fylgiskjöl ........ 5
Matslisti Stekkur ........ 5
Matslisti Sel ........ 7
Tilfinningamatsblöð ........ 9

## Inngangur

Matsteymið var með matsáætlun fyrir veturinn 2025–2026 þar sem tekið var mið af langtímaáætlun um innra mat 2024–2028. Tveir matsþættir voru sameiginlegir með grunnskólanum. Annar þeirra var skilgreining og styrking tengiliðar farsældar innan skólanna. Hinn þátturinn var að uppfæra áætlun um samfellu milli leik- og grunnskóla og bæta hana ef þurfa þykir. Það voru svo fimm aðrir matsþættir sem við ákváðum að taka fyrir á þessu skólaári.

## Matsáætlun 2025-2026

### Matsáætlun Barnaból

| MATSÞÁTTUR | MARKMIÐ | AÐGERÐ | TÍMABIL | ÁBYRGÐ. AÐILAR | FRAMKV. AÐILAR | ÁRANGURSVIÐMIÐ | UMBÓTAMAT |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tengiliður farsældar, í samráði við skólastjórnendur, stendur fyrir fræðslu til foreldra um farsældarlöggjöfina, samþættingu þjónustu og hlutverk tengiliðar við upphaf leikskólagöngu barna og eftir þörfum. | Skilgreina og styrkja hlutverk tengiliðar farsældar innan skólans og tryggja að foreldrar fái fræðslu um farsældarlöggjöf og þjónustuferla við upphaf skólagöngu barna og eftir þörfum. | Tengiliður farsældar, í samráði við stjórnendur, skipuleggur fræðslu fyrir foreldra um farsældarlög, samþættingu þjónustu og hlutverk tengiliðarins. Fræðslan fer fram við upphaf skólagöngu og einnig með fræðslu sem sett er á facebook síðu skólans. | ágú - nóv | Skólastjóri<br>Tengiliður<br>Matsteymi | Tengiliður farsældar | Allir foreldrar hafi fengið kynningu við upphaf skólagöngu barna. Aukin þekking foreldra um hlutverk tengiliðar og þjónustuferla samkvæmt mati í foreldrakönnun. | Foreldrakönnun um upplifun og skilning á hlutverki tengiliða og samþættri þjónustu. Skráning á fjölda og umfangi fræðslna.<br><br>TÍMASETNING MATS: DES |
| Skoða hvernig samfella milli skólastiga er hjá okkur. | Uppfæra áætlun um samfellu milli leik og grunnskóla.<br>Tryggja að þessi skil fari vel fram og bæta það sem þarf að bærta. | Ræða við þá kennarar á báðum skólastigum um hvað þeim finnst um skilin eins og þau hafa verið.<br>Gera könnun hjá kennurum á yngsta sigi og leikskólakennurun á elstu deild um uppligun á núvernadi áætlun. | ágú-nóv | Skólastjóri<br>Matsteymi | Umsjónar-kennari og deildarstjóri | Að búið sé að fá viðhorf frá öllum sem koma að ferlinu.<br>Kennurum í grunnskólanum og leikskólanum.<br>Foreldrum<br>Auk þess að börnin fái að segja sína skoðun. | |
| **Nám og kennsla:**<br>Kennsluhættir og gæði | Kortleggja þá kennsluhætti sem við notum í leikskólanum.<br>• Leikurinn sem aðalnámsleiðin.<br>• Þemaverkefni<br>• Skapandi starf<br>• Útinám og hreyfing | Deildarstjórar í samvinnu við kennara á deildinni setja niður þá kennsluhætti sem þau eru að nota.<br>Skoða svo sameinginlega á stafsdegi 1.des þetta samræmist námskrá leikksólans. | okt - des | Deildastjórar<br>Matsteymi | Deildarstjórar | Verið sé að vinna eftir þeim kennsluháttum sem tilgreindir eru í námskrá leikskólans í 90% tilfella. | Vinnufundur á starfsdegi. |

### Matsáætlun Barnaból

| MATSÞÁTTUR | MARKMIÐ | AÐGERÐ | TÍMABIL | ÁBYRGÐ. AÐILAR | FRAMKV. AÐILAR | ÁRANGURSVIÐMIÐ | UMBÓTAMAT |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lýðræðisleg vinnubrögð. þátttaka og ábyrgð nemenda | Skoða hversu mikil lýðræðisleg þátttaka barna er? | Leggja fyrir allt starfsfólk matslista um lýðræðisleg vinnubrögð, þátttöku barna og ábyrgð barna. | Desember | Matsteymið | Leikskólastjóri | Matskvarði á matslistanum A, B, C, D | |
| **Skólabragur:**<br>Velferð og líðan barnanna | Að öllum börnum líði vel í leikskólanum og upplifi hann sem öruggan stað. | Búa til tilfinningakvarða/spjöld<br><br>Einkasamtöl | Nóvember | Deildarstjórar og Alla | Alla | Fá viðhorf þeirra sem að málinu koma. Börnin segja sína skoðun og upplifun. | Foreldrakönnun<br><br>Athuganir og skráningar |
| **Stjórnun og skipulag:**<br>starfsáætlun; aðrar áætlanir; verklagsreglur; dagskipulag (stundaskrá) nemenda. | Athuga hvort þessar áætlanir og verklagsreglur séu til staðar.<br><br>Hversu vel þekkir starfsfólkið þessar áætlanir? | Fara yfir áætlanir og tryggja að allt sé til staðar og uppfært.<br><br>Gera könnun meðal starfsfólks um hversu vel þær þekkja þessar áætlanir. | nóv-des | Matsteymi | Leikskólastjóri | Allar áætlanir séu í lagi og að starfsfólk þekki vel þær áætlanir sem snúa beint að þeirra starfi. | Könnun/fundur |
| **Stjórnun og skipulag**<br>Skólaþróun | Skoða starfsþróun kennara/starfsfólks skólaárið 2024-2025 og það er af er skólaárs 2025-2026 | Skrá öll námskeið sem hafa verið í boði gegnum leikskólann. Persónuleg námskeið hvers og eins. | des- jan | Matsteymi | Sigga Ósk | Meira en 70% hefur unnið markvisst að endurmenntun á þessu tímabili | Fundir og spurningalisti. |

## Farsæld barna

Vel hefur gengið að skýra og festa í sessi hlutverk tengiliðar hjá okkur. Nýir foreldrar hafa fengið fræðslu um farsældarlögin og hlutverk tengiliðar. Einnig var þetta kynnt fyrir foreldrum í foreldrasamtölum. Upplýsingar voru settar á Facebook-síðu leikskólans og einnig hengdar upp í forstofu.

## Samfella milli skólastiga

Samfella milli skólastiga Samfella í námi barna milli skólastiga er mikilvægur þáttur í farsælli skólagöngu. Þegar vel tekst til getur góð samfella stuðlað að öruggri líðan barna, betri námsárangri og jákvæðri upplifun af skólagöngunni. Á fyrsta starfsdegi síðastliðið haust hittust kennarar á yngsta stigi grunnskólans og kennarar eldri deildar leikskólans og ræddu málin. Gert var skipulag fyrir veturinn sem eftir á að meta þar sem veturinn er ekki búinn. Við höfum ákveðið að hittast í ágúst og meta þar hvernig gekk og hvað má gera betur.

## Nám og kennsla

### *Kennsluhættir og gæði*

Nýttur var hluti af starfsdegi til að kortleggja þá kennsluhætti sem við notum í leikskólanum. Matsteymið fór svo yfir hvernig þetta samræmist námskránni okkar. Báðar deildir komu vel út og ljóst er að þeir kennsluhættir sem eru í námskránni samræmast mjög vel því starfi sem unnið er á deildunum.

### *Lýðræðisleg vinnubrögð*

Lýðræðisleg vinnubrögð eru mikilvægur þáttur í leikskólastarfi þar sem börn fá tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám og umhverfi. Þessi nálgun styður við sjálfstæði barna og félagsfærni.

Matsteymið útbjó gátlista sem báðar deildir merktu í og teymið fór svo yfir (sjá fylgiskjöl). Vel er gert í að efla börnin og kenna þeim lýðræðisleg vinnubrögð en það er alltaf svigrúm til bætinga. Ákveðið hefur verið að deildirnar setji sér markmið út frá matslistunum og svari listunum aftur um vorið 2027.

## Skólabragur

Jákvæður skólabragur er grundvöllur velferðar og góðrar líðan barna í leikskólum. Þegar unnið er markvisst að góðum skólabrag er lagður grunnur að heilbrigðu námsumhverfi þar sem öllum líður vel.

### *Velferð og líðan barna*

Markmiðið var að öllum börnum liði vel í leikskólanum og þau upplifðu hann sem öruggan stað. Matsblað var útbúið og kennari fór með það og spjallaði við hvert og eitt barn. Matsblaðið er að finna í fylgiskjölum.

Samkvæmt niðurstöðum tilfinningamatslistanna líður öllum þeim börnum, sem geta svarað skilmerkilega, vel í leikskólanum. Það er einnig mat matsaðila, sem umgengst börnin alla daga í leikskólanum, að þeim börnum sem ekki geta svarað líði líka almennt vel í leikskólanum. Matsaðili túlkar niðurstöðurnar svo að börnin upplifi leikskólann sem öruggan stað, þó sögðust þrjú af þeim 14 börnum, sem talin voru geta tekið þátt í þeim hluta matslistans vegna aldurs og þroska, verða hrædd í leikskólanum. Þar af var eitt svaranna um eitt einangrað tilvik en hin tvö svörin voru um hávaða eða án ástæðu.

Svörin við því hvað börnin vildu gera þegar þau væru leið skiptust nánast til helminga; fleiri vildu fara til kennara og fá hjálp eða faðmlag en hin vildu fá að jafna sig í friði. Öll börnin vissu þó að hjálp og faðmlag væru alltaf í boði.

## Stjónun og skipulag

### *Áætlanir leikskólans*

Farið var yfir allar áætlanir og þær uppfærðar. Áætlanir voru vistaðar þar sem allir hafa greiðan aðgang að þeim og þær kynntar á fundi með öllu starfsfólki leikskólans.

## Stjórnun leikskólans

### *Skólaþróun*

Markmiðið var að skoða starfsþróun kennara og starfsfólks fyrir skólaárið 2024–2025 og fram að áramótum 2025. Þetta var gert með fundum og spurningalistum. Niðurstaðan var að starfsfólk var mjög duglegt að fara á námskeið og í nám. Þar má t.d. nefna diplómanám frá HA og HÍ, MT-nám í kennslufræði, námskeið í jákvæðum aga og fleira. Allir starfsmenn höfðu sótt sér einhverja menntun og fræðslu á tímabilinu.

# Lokaorð

Matsteyminu gekk vel að vinna saman og gerð var starfsáætlun fyrir teymið og matsáætlun. Við vorum með passlega mikið undir í matinu í ár en stundum höfum við ætlað okkur of mikið. Grunnurinn að góðu mati er skýr matsáætlun og niðurstöður innra matsins voru mjög góðar og markmiðunum var náð.

# Fylgiskjöl

## Matslisti Stekkur

**Matslisti: Lýðræðisleg þátttaka barna á deild (2-6 ára)**

**Deild:** Stekkur **Dagsetning:** apríl 2026 **Matsmaður: Hjördís og Sigga Jóns.**

---

**1. Réttur barna til að hafa áhrif og taka ákvarðanir**

| Atriði | Já, alltaf | Að mestu | Að hluta | Nei | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| Börn fá að velja verkefni í frjálsum leik | X | ☐ | ☐ | ☐ | |
| Börn taka þátt í að skipuleggja dagskrá | ☐ | ☐ | X | ☐ | |
| Börn fá að hafa áhrif á umhverfi sitt | ☐ | ☐ | X | ☐ | |
| Börn ráða hvernig verkefnum er lokið | ☐ | ☐ | X | ☐ | |
| Börn fá að velja í hvaða hópi þau eru | ☐ | ☐ | ☐ | X | |
| Börn fá að hafa áhrif á reglur deildarinnar | ☐ | ☐ | X | ☐ | |

**2. Hlustun og virðing fyrir skoðunum barna**

| Atriði | Já, alltaf | Að mestu | Að hluta | Nei | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| Starfsfólk hlýðir virkilega á börnin | ☐ | X | ☐ | ☐ | |
| Skoðanir barna eru teknar alvarlega | ☐ | X | ☐ | ☐ | |
| Börn fá tíma til að tjá sig | ☐ | X | ☐ | ☐ | |
| Hugmyndir barna eru nýttar í starfi | ☐ | ☐ | X | ☐ | |
| Raddir allra barna heyrast | ☐ | ☐ | X | ☐ | Erum að reyna að passa uppá að raddir allra heyrist |

**3. Lýðræðisleg tækifæri og aðferðir**

| Atriði | Já, alltaf | Að mestu | Að hluta | Nei | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| Haldnir eru reglubundnir fundur með börnum | ☐ | ☐ | X | ☐ | Viljum bæta |
| Börn fá að kjósa um ákveðin mál | ☐ | ☐ | X | ☐ | Mætti vera oftar |
| Notaðar eru myndrænar aðferðir (myndir, tákn) | ☐ | ☐ | X | ☐ | Erum að bæta það |
| Börn fá að meta eigin starf | ☐ | X | ☐ | ☐ | Á ekki við |
| Börn vinna saman að verkefnum | ☐ | X | ☐ | ☐ | |
| Börn fá að leysa ágreining sín á milli | ☐ | ☐ | X | ☐ | Megum gefa þeim meiri tíma í það. |

**4. Skipulag og umhverfi**

| Atriði | Já, alltaf | Að mestu | Að hluta | Nei | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| Dagskráin er sveigjanleg eftir þörfum barna | ☐ | ☐ | X | ☐ | |
| Frjáls leikur hefur mikið vægi | ☐ | X | ☐ | ☐ | |
| Efniviður er aðgengilegur börnum | ☐ | ☐ | X | ☐ | |
| Umhverfið gefur börnum val | ☐ | ☐ | X | ☐ | |
| Skipulag gerir ráð fyrir frumkvæði barna | ☐ | ☐ | X | ☐ | |
| Tími er gefin fyrir samræður og umræður | ☐ | ☐ | X | ☐ | Mætti vera meira |

**5. Samskipti og samvinna**

| Atriði | Já, alltaf | Að mestu | Að hluta | Nei | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| Börn eru hvött til að vinna saman | X | ☐ | ☐ | ☐ | |
| Börn læra að hlusta á hvert annað | ☐ | X | ☐ | ☐ | |
| Börn æfa sig í að deila ábyrgð | ☐ | X | ☐ | ☐ | |
| Börn fá að hjálpa hvort öðru | ☐ | X | ☐ | ☐ | |
| Hópvinna er hluti af starfinu | X | ☐ | ☐ | ☐ | |
| Virðing og umburðarlyndi er haft að leiðarljósi | X | ☐ | ☐ | ☐ | |

**6. Áhersla starfsfólks á lýðræði**

| Atriði | Já, alltaf | Að mestu | Að hluta | Nei | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| Starfsfólk virðir sjálfstæði barnanna | X | ☐ | ☐ | ☐ | |
| Starfsfólk hvetur til þátttöku | X | ☐ | ☐ | ☐ | |
| Starfsfólk gerir börnum kleift að hafa áhrif | ☐ | X | ☐ | ☐ | |
| Starfsfólk tekur tillit til ólíkra þarfa | ☐ | X | ☐ | ☐ | |
| Starfsfólk sýnir lýðræðislegt fordæmi | ☐ | X | ☐ | ☐ | |
| Starfsfólk vinnur markvisst með lýðræði | ☐ | X | ☐ | ☐ | |

**7. Heildarmat**

**Helstu styrkir deildarinnar varðandi lýðræðislega þátttöku:**

Börnin fá að taka þátt í ákvarðanatöku í sambandi við þemavinnu og allskonar slíkar athafnir. Börnin fá að komameð hugmyndir að verkefnum.

**Tillögur að úrbótum:**

Leyfa þeim að hafa enn meiri áhrif á daginn sinn. Vinna markvissar að jákvæðum aga s.s. festa barnafundina betur í sessi , vinna markvissar með einstaklinginn.

**Undirskrift:** **Dagsetning:**

---

Þessi matslisti ætti að gefa þér góða mynd af því hversu lýðræðisleg þátttaka barna er á hverri deild. Þú getur notað hann til að bera saman mismunandi deildir eða fylgjast með þróun yfir tíma!

# Matslisti Sel

**Matslisti: Lýðræðisleg þátttaka barna á deild (2-6 ára)**

**Deild:** Sel **Dagsetning:** apríl 2026 **Matsmaður:Sigga Ósk, Jódís, Jóhanna**

---

**1. Réttur barna til að hafa áhrif og taka ákvarðanir**

| Atriði | Já, alltaf | Að mestu | Að hluta | Nei | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| Börn fá að velja verkefni í frjálsum leik | X | ☐ | ☐ | ☐ | |
| Börn taka þátt í að skipuleggja dagskrá | ☐ | ☐ | ☐ | ☐ | Á ekki við |
| Börn fá að hafa áhrif á umhverfi sitt | ☐ | ☐ | X | ☐ | |
| Börn ráða hvernig verkefnum er lokið | ☐ | X | ☐ | ☐ | |
| Börn fá að velja í hvaða hópi þau eru | ☐ | ☐ | X | ☐ | |
| Börn fá að hafa áhrif á reglur deildarinnar | ☐ | ☐ | ☐ | X | |

---

**2. Hlustun og virðing fyrir skoðunum barna**

| Atriði | Já, alltaf | Að mestu | Að hluta | Nei | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| Starfsfólk hlýðir virkilega á börnin | ☐ | X | ☐ | ☐ | |
| Skoðanir barna eru teknar alvarlega | X | ☐ | ☐ | ☐ | |
| Börn fá tíma til að tjá sig | X | ☐ | ☐ | ☐ | |
| Hugmyndir barna eru nýttar í starfi | ☐ | ☐ | X | ☐ | |
| Raddir allra barna heyrast | ☐ | X | ☐ | ☐ | |

---

**3. Lýðræðisleg tækifæri og aðferðir**

| Atriði | Já, alltaf | Að mestu | Að hluta | Nei | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| Haldnir eru reglubundnir fundur með börnum | ☐ | ☐ | ☐ | ☐ | Á ekki við |
| Börn fá að kjósa um ákveðin mál | ☐ | ☐ | ☐ | ☐ | Á ekki við |
| Notaðar eru myndrænar aðferðir (myndir, tákn) | ☐ | ☐ | X | ☐ | |
| Börn fá að meta eigin starf | ☐ | ☐ | ☐ | ☐ | Á ekki við |
| Börn vinna saman að verkefnum | ☐ | ☐ | X | ☐ | |
| Börn fá að leysa ágreining sín á milli | ☐ | X | ☐ | ☐ | |

**4. Skipulag og umhverfi**

| Atriði | Já, alltaf | Að mestu | Að hluta | Nei | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| Dagskráin er sveigjanleg eftir þörfum barna | ☐ | X | ☐ | ☐ | |
| Frjáls leikur hefur mikið vægi | X | ☐ | ☐ | ☐ | |
| Efniviður er aðgengilegur börnum | ☐ | X | ☐ | ☐ | |
| Umhverfið gefur börnum val | ☐ | X | ☐ | ☐ | |
| Skipulag gerir ráð fyrir frumkvæði barna | ☐ | X | ☐ | ☐ | |
| Tími er gefin fyrir samræður og umræður | X | ☐ | ☐ | ☐ | Eins og hægt er |

**5. Samskipti og samvinna**

| Atriði | Já, alltaf | Að mestu | Að hluta | Nei | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| Börn eru hvött til að vinna saman | ☐ | X | ☐ | ☐ | |
| Börn læra að hlusta á hvert annað | ☐ | X | ☐ | ☐ | |
| Börn æfa sig í að deila ábyrgð | ☐ | ☐ | X | ☐ | |
| Börn fá að hjálpa hvort öðru | X | ☐ | ☐ | ☐ | |
| Hópvinna er hluti af starfinu | X | ☐ | ☐ | ☐ | |
| Virðing og umburðarlyndi er haft að leiðarljósi | X | ☐ | ☐ | ☐ | |

**6. Áhersla starfsfólks á lýðræði**

| Atriði | Já, alltaf | Að mestu | Að hluta | Nei | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| Starfsfólk virðir sjálfstæði barnanna | ☐ | X | ☐ | ☐ | |
| Starfsfólk hvetur til þátttöku | X | ☐ | ☐ | ☐ | |
| Starfsfólk gerir börnum kleift að hafa áhrif | ☐ | ☐ | X | ☐ | |
| Starfsfólk tekur tillit til ólíkra þarfa | X | ☐ | ☐ | ☐ | |
| Starfsfólk sýnir lýðræðislegt fordæmi | X | ☐ | ☐ | ☐ | |
| Starfsfólk vinnur markvisst með lýðræði | ☐ | ☐ | ☐ | X | |

**7. Heildarmat**

**Helstu styrkir deildarinnar varðandi lýðræðislega þátttöku:**

Hlustum hver á aðra. Tökum tillit til barna og stafsfólks.

**Tillögur að úrbótum:**

Vera meðvitaðri um að virkja lýðræði þeirra barna sem þroska hafa til.

**Undirskrift:** **Dagsetning:**

---

Þessi matslisti ætti að gefa þér góða mynd af því hversu lýðræðisleg þátttaka barna er á hverri deild. Þú getur notað hann til að bera saman mismunandi deildir eða fylgjast með þróun yfir tíma!

## Tilfinningamatsblöð

Hvernig líður þér í leikskólanum?



Hvernig líður þér í leikskólanum?



Hvernig líður þér í leikskólanum?

___

Hvað gerir þig glaða/n ?

___

Hvað gerir þig leiða/n ?

___

Verður þú einhvern tímann hrædd/ur í leikskólanum ?

___

Hvað finnst þér gott að gera ef þér líður illa í leikskólanum?

___